

Ályktun stjórnar Geðhjálpar 21. janúar 2020

Í kjölfarið á andláti ungrar konu í geðrofsástandi, sem fréttaskýringabátturinn Kompás fjallaði um í vikunni, sendir stjórn Geðhjálpar frá sér eftirfarandi ályktun:

Geðrof er grafalvarlegt ástand og einstaklingur í slíku ástandi þarfnast hjálpar heilbrigðisstarfsmanna eins fljótt og auðið er. Orsakir geðrofs geta verið margvíslegar svo sem þunglyndi, flogaveiki, áfengis – og vímuefnaneysla, svefnskortur, heilabilun, heilaæxli og margt fleira. Einstaklingar í geðrofi eiga það hins vegar allir sameiginlegt að þurfa á hjálp að halda og það sem allra fyrst. Það skýtur því skökku við að heyra aðstoðarframkvæmdastjóra Neyðarlínunnar fullyrða það að öllum verkferlum hafi verið fylgt þegar ákveðið var að senda ekki sjúkraflutningamenn á staðinn þegar neyðarkall barst vegna ungrar konu í geðrofi heldur aðeins kalla eftir lögreglu: „Þarna í miklu partýástandi og miklum æsingi frá mörgum þá er þetta rétta niðurstaðan.“ Þetta sjónarmið lýsir miklum fordómum gagnvart ákveðnum hópi í samfélaginu, sem birtist m.a. í þessari mismunun, og veldur það stjórn Geðhjálpar miklum áhyggjum.

Atvikalýsing og skýrsla réttameinafræðings bendir einnig til þess að lögregluþjónar noti aðra verkferla en t.d. sérþjálfað starfsfólk geðsviðs LSH og sjúkraflutningafólk gerir þegar beita þarf einstakling nauðung við ákveðnar aðstæður. Þá telur stjórn Geðhjálpar einnig grafalvarlegt ef rétt er að starfsfólk Neyðarlínu treysti á mat einstaklinga í „partýástandi“ þegar kemur að heilbrigðisástandi sjúklings.

Stjórn Geðhjálpar fer fram á það að óháðir aðilar verði fengnir til að taka út matsmeðferð og verkferla Neyðarlínunnar þannig að borgarar landsins geti treyst því að ekki sé farið í manngreinaralit og þegar óskað er eftir aðstoð í neyð. Stjórn Geðhjálpar fer einnig fram á það að verkferlar lögreglu verði teknir til endurskoðunar og að allir lögreglumenn fái þjálfun og kennslu í því að fást við einstaklinga í geðrofsástandi.

Fyrir hönd stjórnar Geðhjálpar,

Grímur Atlason
Framkvæmdastjóri Geðhjálpar

